BREYTING Á AÐALSKIPULAGI BORGARBYGGÐAR 2010-2022

TILLAGA AÐ BREYTINGU OG UMHVERFISSKÝRSLA MKV. 1:100.000



Hluti úr staðfestu aðalskipulagi 1:100.000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi 1:100.000

BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU, DAGS. 20.06.2015

Lagfæring á gögnum og breytt orðalag skv. athugasemdum Skipulagsstofnunar

Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna ísganga á Langjökli

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er tvíþætt; annars vegar er afmarkað nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli merkt AF1 og hins vegar breytt afmörkun á opnu svæði, merkt O48. Fjöldi ferðamanna hefur farið um svæðið á síðustu árum og er gert ráð fyrir að gestafjöldi á svæðinu verði um 30.000 ferðamenn á ári.
Afmarkað er nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli merkt AF1 vegna ísganga á Langjökli. Svæðið er skilgreint sem opið svæði í gildandi aðalskipulagi og nýtur jafnframt hverfisverndunar sem útivistarsvæði. Svæðið er um 6 hektarar, en samkvæmt kafla 1.3 í greinargerð aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 eru svæði undir sex hekturum auðkennd með hringtákni á sveitarfélags- og þemauppdráttum. Svæðið allt verður áfram hverfisverndað sem svæði H15 í aðalskipulagi og skilmálar hverfisverndarsvæðis verða óbreyttir. Hverfisvernd lítur að útivist og fyrirhuguð uppbygging á svæðinu snýst um að gera svæðið aðgengilegt til útivistar og ferðamennsku á nýstárlegan hátt.
Opið svæði við Geitland, merkt O48, er stækkað. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið auðkennt með hringtákni á sveitarfélags og þemauppdráttum. Breytingin gerir ráð fyrir stækkun svæðisins í 30 ha og gert er ráð fyrir uppbyggingu á tveimur aðskildum lóðum á svæðinu.
Markmið skipulagsbreytingarinnar er að setja ramma um ferðaþjónustu á Langjökli og við Geitland fyrir göng og hella í jökulís og þjónustu á skálasvæðinu, þar sem verður aðstaða fyrir ferðafólk sem er á leið upp á jökulinn.
Í meginmarkmiðum aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 segir m.a. um atvinnumál að stefnt skuli að öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi í sveitarfélaginu sem m.a. byggist á ferðaþjónustu, nýsköpun og nýtingu auðlinda. Breyting á aðalskipulagi samræmist þessum meginmarkmiðum.

STAÐHÆTTIR

Svæði AF1 er skilgreint vestan til í jöklinum, rétt norðan við Geitlandsjökul í um 1260 m hæð. Staðsetning svæðisins er háð ýmsum þáttum eins og staðsetningu sprungna, afkomu, bratta og skriði jökulsins og möguleikum á aðkomu. Eftir samráð við ýmsa sérfræðinga er sú staðsetning sem hér er lögð fram talin koma best til greina fyrir göngin. Ekki er vitað um aðrar staðsetningar á jöklinum þar sem umhverfisaðstæður eru jafn hentugar og öruggar. Svæðið er nálægt miðjum jökli og þakið jökulís sem er um 200m á þykkt, lítið er um sprungur og talið að hreyfing á jöklinum sé fremur lítil. Frá Geitlandi er staðurinn tiltölulega aðgengilegur en þaðan hefur um árabil verið ekið upp á Langjökul. Svæði O48 á Geitlandi er á jökulruðningi og ógrónu landi við jökulrönd. Á svæðinu eru vatnsrásir eftir leysingar áberandi. Svæðið er efst uppi á hæð og þær byggingar sem nú þegar eru á svæðinu eru ekki áberandi frá nálægum svæðum. Svæðið er skilgreint sem vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi og er friðlýst.

EFNI OG UMFANG BREYTINGAR

Inn í greinargerð aðalskipulags bætist við kafli 4.3.b., Afþreyingar- og ferðamannasvæði. Eftirfarandi texti verður í kaflanum: "Eitt svæði er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1. Svæðið er ætlað fyrir göng og hella í jökulís á Langjökli þar sem hægt verður að taka á móti ferðamönnum. Á svæðinu verður heimilt að starfrækja ferðaþjónustu í ísgöngum og hellum. Ekki er gert ráð fyrir matseld á svæðinu. Aðkoma að svæðinu er frá Geitlandi um jökul. Akstursleið á jökli verður hagað eftir aðstæðum hverju sinni en sprungur í jöklinum, veður og öryggissjónarmið hafa áhrif á leiðarval. Um byggingar og starfsemi á svæðinu gilda eftirfarandi skilmálar:

- Ekki er gert ráð fyrir hefðbundnum byggingum á svæðinu heldur hellum og göngum í Ísinn og færanlegri aðstöðu utan við hellinn.

Við hönnun og útfærslu mannvirkja og starfsemi á skálasvæðinu og á jöklinum skal gætt að því að þau falli vel að landslagi og náttúru.

- Verði starfsemi á svæðinu hætt skal fjarlægja öll ummerki af svæðinu.
- Vegna hreyfinga jökulsins er gert ráð fyrir að gangamunninn færist smám saman niður eftir jöklinum, setja skal skilmála í deiliskipulagi vegna þessa.
- Við starfsemi á svæðinu skal gæta að umhverfismálum og haga starfsemi líkt og um vatnsverndarsvæði væri að ræða til að lágmarka hættu á mengun. Ekki er heimilt að farga úrgangi á jöklinum, hvorki föstum né fljótandi.
- Gæta skal þess að hvorki olía né önnur óæskileg efni leki niður. Setja skal nánari skilmála um öryggismál, mengunarvarnir og meðferð úrgangs í deiliskipulagi og starfsleyfi."

Í kafla 4.10 um opin svæði til sérstakra nota er breytt skilgreiningu á stærð svæðis O48 úr <6 ha í 30 ha. Í almennri umfjöllun um svæðið segir að Geitlandsskáli sé gamalgrónn skáli við Geitlandsjökul og þar sé gert ráð fyrir að nokkur hús geti byggst að undangengnu deiliskipulagi. Í kaflann verður bætt eftirfarandi: "Á svæðinu verður heimilt að starfrækja ferðaþjónustu í skálum á tveim aðskildum lóðum. Gert er ráð fyrir gistiskáium og móttöku ferðamanna, veitingasölu og verslun. Ekki er heimilt að vera með fullbúið eldhús á svæðinu heldur skal gert ráð fyrir aðfluttum veitingum. Byggingar á svæðinu skulu vera lágreystar og falla vel að landslagi. Takmarka skal geymslu á olíum og öðrum mengandi efnum á svæðinu. Allt sorp skal flutt í viðurkennda sorpeyðingarstöð.."

KYNNING OG SAMRÁÐ

Við undirbúning ísganganna hefur farið fram víðtækt samráð m.a. við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Forsætisráðuneytið og Sjálfseignarstofnun um Arnarvatnsheiði og Geitland.
Umsagna var leitað hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Skipulagsstofnun, Þingvallabjóðgarði, Vegagerðinni, Mannvirkjastofnun, Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Svæðið sem um ræðir er innan marka svæðisskipulags Miðhálendis Íslands 2015 og er skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Í auglýstri breytingu á svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir skálasvæði á Geitlandi eins og verið hefur og mögulegri uppbyggingu skv. almennri stefnu skipulagsins um skálasvæði. Í tengslum við skálasvæðið er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna til stuttrar dvalar.
Móttaka ferðamanna á jöklinum samræmist markmiðum Ferðamálaáætlunar 2011-2020 þar sem stefnt er að því að auka arðsemi atvinnugreinarinnar með fjölgun ferðamanna (sjá einnig verkefnið Ísland allt árið).
Geitland var friðlýst árið 1988 og gilda um það ákveðnar reglur sem fara skal eftir við uppbyggingu á svæðinu. Aðalskipulagsbreytingunni fylgir ekki breit, skerðing á gróðri, truflun á dýralífi eða rask á jarðmyndunum. Sækja þarf um leyfi til mannvirkjagerðar á svæðinu til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrslan er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
Helstu áhrif af völdum aðalskipulagsbreytingarinnar verða vegna mannvirkjagerðar annars vegar og fjölgunar gesta á svæðinu hins vegar. Á svæði AF1 er um að ræða manngerð göng á svæði sem nú er ósnert og fólksfluttning ásamt búnaði sem tryggja þarf að valdi ekki mengun og óþarfa hættu á jöklinum eða við aðkomuleiðir. Á svæði O48 er um að ræða gerð bílastæða og bygginga fyrir mótttöku gesta og salernisaðstöðu.
Þeir umhverfisþættir sem helst gætu orðið fyrir áhrifum vegna breytingarinnar eru landnotkun, náttúruminjar, landslag og víðerni, áhrif á grunnvatn, hljóðvist, öryggi og samfélag. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirliggjandi gögnum sem aflað var vegna fyrirspurnar um matsskyldu ísganganna. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, febrúar 2013, var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 1. Umhverfisþættir, fyrirliggjandi stefnuskjöl og viðmið

Umhverfisþáttur	*Stefnuskjöl*	*Viðmið*
LANDNOTKUN	Skipulagslög nr. 123/2010 Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Markmið laganna Gr. 6.2. liðir: i og l og gr. 6.3. liðir: d, g og i.
NÁTTÚRUMINJAR, LANDSLAG OG VÍÐERNI	Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020	Kaflar 5 og 7 um landslagsvernd og friðlýstar náttúruminjar Markmið um verndun sérstæðra jarðmyndana og vernd víðerna
GRUNNVATN	Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn	Markmið Markmið og kafli 3 um vatnsvernd
HLJÓÐVIST	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða	4. gr. – hávaðamörk á kyrrlátum útivistarsvæðum í dreifbýli. undir Lden = 40 dB(A).
ÖRYGGI	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020	Markmið laganna Markmið um útivist í sátt við náttúruna og varnir gegn náttúruvá
SAMFÉLAG	Stefna Markaðsstofu Vesturlands 2012-2015	Framtíðarsýn og markmið

LANDNOTKUN

Langjökull er skilgreindur sem opið óbyggt svæði í aðalskipulagi Borgarbyggðar og hverfisverndaður sem útivistarsvæði. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði en aðgengi að því er takmarkað af náttúrulegum orsökum. Nokkrir ferðaþjónustuaðilar hafa selt ferðir á jökulinn um árabil. Breytingin gerir ráð fyrir fjölgun ferðamanna á svæðinu með bættri aðstöðu og nýrri upplifun.
Á Geitlandi er nú þegar einn skáli, Jaki, sem er áningarstaður ferðamanna og útivistarfólks á leið á jökulinn. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar á verndargildi svæðisins frá árinu 2014 er mikið álag á svæðinu og aðkoma að því ekki góð. Með aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags á svæðinu er þess freistað að skapa skilyrði fyrir bætta innviði á svæðinu fyrir ferðafólk og bætta aðkomu og umgengni.
Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir aukinni notkun á svæðinu en ekki umtalsverðum breytingum á landnotkun. Með bættum innviðum fyrir ferðamenn og dýpkun á upplifun þeirra með aðgengi inn í jökulinn eru áhrif breytingarinnar talin styðja við stefnu aðalskipulagsins og hafa jákvæð áhrif á landnotkun.

NÁTTÚRUMINJAR, LANDSLAG OG VÍÐERNI

Langjökull er hverfisverndaður í aðalskipulagi sem útivistarsvæði. Breyting á aðalskipulagi er ekki talin hafa áhrif á forsendur verndunar. Langjökull í heild sinni fellur undir skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 44/1999 um ósnortin víðerni. Landslag á svæðinu er að mestu ósnortið en breytingin mun hafa í för með sér ný mannvirki á jöklinum, sem verða að fullu afturkræf. Breytingin mun hafa áhrif á landslagsheildina. Til að draga úr sjónrænum áhrifum er áhersla lög á að sýnileiki ganganna sé sem minnstur m.a. með því að nota efni úr ísgöngunum til landslagsmótunar við gangamunna. Geitland var friðlýst árið 1988 og er breyting á aðalskipulagi ekki talin hafa áhrif á forsendur verndunar, enda er ekki gert ráð fyrir beit, skerðingu á gróðri, truflun á dýralífi eða raski á jarðmyndunum. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar á verndargildi svæðisins frá árinu 2014 er svæðið við Geitland á appelsínugulum lista sem svæði sem Umhverfisstofnun telur að sé undir töluverðu álagi. Þar eru takmarkaðir innviðir svæðisins til móttöku ferðamanna talinn veikleiki sem og að álag á svæðinu við Jaka er talin ógn. Með aðalskipulagsbreytingunni er unnið að því að bæta innviði svæðisins og taka á umgengni á svæðinu við Jaka og er hún því jákvæð fyrir svæðið. Ef litið er til þess að áhersla er lögð á að byggingar á Geitlandi falli vel að umhverfinu með því að nota efni og liti sem falli að landi og að bæta skuli umgengni á svæðinu eru áhrif á náttúruminjar og víðerni talin minniháttar, staðbundin og að mestu afturkræf og þar af leiðandi óveruleg.

ÁHRIF Á GRUNNVATN

Langjökull er ekki innan afmarkaðs vatnsverndarsvæðis en svæðið við Geitland er innan afmarkaðs fjarsvæðis vatnsverndar. Mat á áhrifum á grunnvatn er háð nokkurri óvissu þar sem ekki er fyllilega þekkt hvernig úrkoma sem fellur á jökulinn og leysingarvatn berst niður í grunnvatnsstrauminn. Um er að ræða svæði fyrir móttöku ferðamanna og afþreyingu sem í eðli sínu er ekki mengandi starfsemi. Þar sem starfsemin fer að öllu leyti fram á jökli er eðlilegt að gæta fyllstu varúðar og haga starfsemi líkt og um vatnsverndasvæði væri að ræða. Allan úrgang skal fjarlægja af svæðinu og skila í viðurkennda móttökustöð fyrir sorp. Mannvirkjagerð á jökli verður hagað þannig að unnt sé að fjarlægja öll ummerki verði starfsemi hætt. Að teknu tilliti til skilyrða fyrir starfseminni eru áhrifin talin staðbundin, afturkræf og þar af leiðandi óveruleg.

HLJÓÐVIST

Skv. 4 gr. reglugerðar 724/2008 skal hávaði á kyrrlátum útivistarsvæðum í dreifbýli vera undir Lden = 40 dB(A). Framkvæmdir hafa verið útreikningar á hljóðstigi frá umferð ökutækja upp á jökulinn að Ísgöngunum. Ef gert er ráð fyrir mestu umferð, þ.e. 8 ferðum á dag upp á jökulinn og að ekin sé stysta leið frá Geitlandi að ísgöngum mun Lden hljóðstig vera naumlega yfir 40 dB(A) í allt að 250 m fjarlægð frá leið ökutækjanna. Æskilegt er að beina því til þeirra aðila sem sjá um akstur á jökli að skilja ökutæki ekki eftir í gangi að óþörfu. Röskun á friði og kyrrð vegna umferðar ökutækjanna er talin óveruleg og einungis nálægt slóðanum sem ökutækin ferðast eftir. Sé litið til stærðar svæðisins og fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum eru áhrifin talin óveruleg.

ÖRYGGI

Ísgöngin eru staðsett langt inni á öðrum stærsta jökli landsins þar sem aðkoma er háð veðri og vindum og sérútbúin farartæki nauðsynleg. Ávallt fylgir því nokkur hætta að ferðast á jökli. Áhættan felst í válundum veðrum sem geta breyst fyrirvaralaust og sprungum í yfirborði jökulsins sem geta opnast yfir sumartímann og eru oft lítt sýnilegar. Rekstraraðilar þurfa að fylgjast með sprungum og velja bestu leiðina að göngunum, á hverjum tíma, með tilliti til þeirra. Ferðaþjónustuaðilar hafa selt ferðir á jökulinn í fjölmörg ár og það er mikilvægt fyrir framtíð reksturs á svæðinu að vel takist til og komið sé í veg fyrir slys.
Ísinn er lifandi efni og gert er ráð fyrir hreyfingum hans við hönnun ganganna. Þar sem göngin eru staðsett er Ísinn seigfljótandi og lítil hætta á snöggum hreyfingum. Mikilvægt er að fylgjast með hreyfingum svo unnt sé að bregðast við.
Helstu hættur á jöklinum eru sprungur og válynd veður en með fyrirhyggju og skynsemi má lágmarka áhættu og tryggja öryggi gesta og starfsmanna. Rekstur ferðaþjónustu á svæðinu byggir á því að koma ferðamönnum klakklaust um jökulinn og til baka. Að teknu tilliti til öryggiskrafna eru áhrif skipulagsbreytingarinnar á öryggi talin óveruleg.

SAMFÉLAG

Áhrif á samfélag eru fyrst og fremst talin vera áhrif á efnahag. Í stefnu Markaðsstofu Vesturlands 2012-2015 sem rekin er af sveitarfélögunum á Vesturlandi segir m.a. um framtíðarsýn að stefnt sé að því að ferðaþjónustan verði öflug atvinnugrein á svæðinu og að Vesturland verði á meðal þriggja fjölsóttustu landshluta Íslands m.a. vegna afþreyingarmöguleika. Í stefnuskjalinu er fjallað um það að aðstöðuleysi í salernismálum dragi úr áhuga ferðaskipuleggjenda á svæðum og er það því markmið markaðsstofunnar að bæta úr því og að tryggja lágmarksþjónustu utan háannatíma til að koma til móts við aukinn fjölda ferðamanna. Betri aðstaða og starfsemi á svæðinu við Langjökul ýtir einnig undir það markmið markaðsstofunnar að bæta vegasamgöngur á svæðinu og tengingar við Suðurland m.a. með uppbyggingu Uxahryggjavegar.
Umfjöllun um ísgöngin benda til þess að þau geti orðið töluvert aðdráttarafl fyrir svæðið og aukið umferð ferðamanna á Vesturlandi og í Borgarbyggð. Með aukinni umferð ferðamanna eykst fjárstreymi til almennra þjónustufyrirtækja innan svæðisins sem styrkir og eflir rekstargrunn þeirra. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á samfélag og efnahag eru því talin vera jákvæð á markmið um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og jákvæð á rekstrargrunn fyrirtækja í Borgarbyggð.

NIÐURSTÖÐUR

Á heildina litið eru umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar talin minniháttar þegar litið er til umfangs svæðisins. Svæðið er nú þegar nýtt til móttöku ferðamanna og mun uppbygging innviða hafa jákvæð áhrif á aðgengi og umgengni á svæðinu.



Úr aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 (smækkuð mynd)

SKÝRINGAR

- VF5 — Vatnsvernd - fjarsvæði
- NF5 — Friðlýst náttúruverndarsvæði
- N5 — Önnur náttúruverndarsvæði
- H5 — Hverfisvernd - önnur svæði
- Hverfisvernd - nútímahraun
- Sveitarfélagsmörk
- AF 1 — Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- O48 — Opin svæði

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. grein Skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í

Umhverfis- skipulags og landbúnaðarnefnd þann 26. júní 2015

Sveitarstjórn þann 14. ágúst 2015

(undirskrift) SVEITARSTJÓRINN BORGARBYGGÐ

Tillagan var auglýst frá 16. mars 2015
með athugasemdafresti til 27. apríl 2015

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 12. nóv. 2015

(undirskrift)

BORGARBYGGÐ

ÍSGÖNG Í LANGJÖKLI

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

			Útgáfa V06
Teikniskrá Langjökull_ask.dgn	Mælikvarði 1:100.000	Stærð A2	Teikning nr. 001
Unnið fyrir Borgarbyggð		Dags. 26.6.2015	Teiknað af BDI

EFLA